

**Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 20. mars 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-63/2014:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 19. ágúst sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á bifreið, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst riftunar auk skaðabóta.

**II**

**Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 26. ágúst sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 9. september. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 18. mars, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

**III**

**Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 8. apríl 2014 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 520.000. Var bifreiðin af gerðinni Opel Corsa, árgerð 2003, fyrst skráð hinn 27. maí 2003, og við kaupin hafði bifreiðinni verið ekið 90.000 km. skv. mæli. Segir álitsbeiðandi að fljótlega eftir kaupin hafi hún orðið vör við óstöðugan gang í vél og við skiptingu gíra. Kvartaði álitsbeiðandi undan þessu við bifreiðasala þann er hafði milligöngu um kaupin, og mun hann hafa tjáð henni að slíkt væri eðlilegt þar sem bifreiðin væri hálfsjálfskipt. Í seinni hluta maí fór að bera á erfiðleikum við að ræsa bifreiðina. Var því farið með bifreiðina í bilanagreiningu hjá umboðsverkstæði hinn 10. júní. Á umboðsverkstæðinu voru gírkassi og kúpling endurstíllt og að því loknu taldi umboðsverkstæðið sig hafa gert við það sem að var. Greiddi álitsbeiðandi kr. 63.000 fyrir viðgerðina. Þegar álitsbeiðandi ætlaði að sækja bifreiðina hinn 13. júní fór hún ekki í gang. Við nánari skoðun töldu starfsmenn umboðsverkstæðisins að tölva í skiptingu bifreiðarinnar, sem m.a. stjórnar gangsetningu, væri biluð, en ný slík tölva mun kosta um kr. 300.000. Í kjölfarið var, fyrir milligöngu FÍB, haft samband við seljanda sem og bifreiðasalann og farið fram á riftun. Mun seljandi hafa hafnað þeirri kröfu. Í svarbréfi seljanda kom einnig fram að hann hafði keypt bifreiðina með ónýtri vél og því skipt um hana, ásamt því að gera við nokkur önnur smærri atriði.

Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi þess að kaupunum verði rift. Þá krefst hún skaðabóta sem nema útlögðum kostnaði hennar við bilanagreiningu. Tekur álitsbeiðandi og fram að í afsali komi ekki fram að skipt hafi verið um vél bifreiðarinnar og að það hafi heldur ekki komið fram við kaupin. Þá sé seljandi einnig nátengdur bifreiðasala þeim er hafði milligöngu um kaupin.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af kaupsamningi og afsali, reikningi frá umboðsverkstæði, yfirlýsingu frá umboðsverkstæði vegna aksturstölvu, tölvubréf frá seljanda til FÍB, bréf frá FÍB, útprentun úr ökutækjaskrá og þjónustusögu bifreiðarinnar.

**IV**

**Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Seljandi hefur ekki sent kærunefndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 hinn 8. apríl 2014 fyrir kr. 520.000. Bifreiðin er árgerð 2003 og fyrsti skráningardagur hennar 27. maí 2003. Bifreiðin var því rétt tæplega 11 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 90.000 km. Þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 8. apríl 2014, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin  
c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir ennfremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Í kaupsamningi og afsali kemur fram að álitsbeiðandi staðfestir að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Það mun álitsbeiðandi hins vegar hafa kosið að gera ekki. Engar haldbærar upplýsingar hafa komið fram um það hvort verð á bifreiðinni hafi á þeim tíma er kaupin fóru fram verið svipað og viðmiðunarverð á sambærilegum bifreiðum enda má segja að verð á bifreiðum á þessum aldri geti verið mjög

mismunandi og farið m.a. eftir því hvernig bifreiðin lítur út og hvernig virðist hafa verið farið með hana.

Álitsbeiðandi virðist að hluta til byggja kröfu sína um riftun á kaupum á umræddri bifreið á því að hvorki seljandi né bifreiðasali sá er hafði milligöngu um kaupin, hafi tilkynnt henni að skipt hefði verið um vél bifreiðarinnar fyrir kaupin. Því hafi seljandi vanrækt að gefa henni upplýsingar varðandi hlutinn í skilningi b-liðar 1. mgr. 16. gr. laganna og bifreiðin því haldin galla í skilningi ákvæðisins. Ekki eru um það deilt að upplýsingar um vélskiptin lágu ekki fyrir við kaupin. Skilyrði þess að ákvæðið eigi við eru tvíþætt: Annars vegar að álitsbeiðandi hafi mátt ætla að hún fengi upplýsingar um vélskiptin. Hins vegar þarf vanræksla seljanda við að veita upplýsingarnar að vera til þess fallin að hafa áhrif á kaupin. Hvort tveggja þarf síðan að meta í hverju tilviki fyrir sig. Að mati kærunefndarinnar verður það seint talið óeðlilegt í sjálfu sér að skipt hafi verið um vél í 11 ára gamalli bifreið. Þrátt fyrir að e.t.v. væri eðlilegra að slíkar upplýsingar kæmu fram við kaupin, verður að teljast harla ólíklegt að upplýsingar um vélskipti hefðu haft áhrif á kaup á jafn gamalli bifreið. Þarf því fleira að koma til svo fallist verði á að bifreiðin sé haldin galla í skilningi b-liðar 1. mgr. 16. gr. laganna.

Hvað varðar c-lið 1. mgr. 16. gr. laganna, telur kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ekkert bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana í skilningi þess ákvæðis.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna.

Svo sem rakið er að framan mun álitsbeiðandi hafa átt í erfiðleikum með að ræsa bifreiðina og var því farið með hana í viðgerð hjá umboðsverkstæði hinn 10. júní 2014. Á verkstæðinu voru kúpling og gírkassi bifreiðarinnar endurstíllt. Nægði það þó ekki til að lagfæra vandkvæði við ræsingu bifreiðarinnar og töldu starfsmenn verkstæðisins að líklega væri tölva í skiptingu bifreiðarinnar ónýt en að það þyrfti að skoðast betur. Þá kom fram að ný slík tölva kostar um kr. 300.000.

Þau villuskilaboð sem umboðsverkstæðið fékk fram við tölvuafllestur af bifreiðinni, villa „IP1607“, benda til þess að kúplingsdæla bifreiðarinnar virki ekki sem skyldi, en tölva sú er umboðsverkstæðið telur ónýta er áföst dælunni. Þekktasta bilunin í kúplingsdælum bifreiða af umræddri gerð er fólgin í því að kolaburstar í rafmagnsmótor kúplingsdælu klárast. Kolaburstarnir eru ófáanlegir héraendis en hægt mun vera senda kúplingsdælur til sérhæfðra aðila á Bretlandseyjum, sem skipta þar um kolaburstana. Eftir stendur að ekki er útilokað að sjálf stjórn tölvan sé biluð, sem aftur þýddi að slík viðgerð kæmi ekki að gagni. Er því ekki að fullu leitt í ljós hvað amar að bifreiðinni eða hver endanlegur kostnaður muni verða við að lagfæra hana. Er því útilokað að taka efnislega afstöðu til þess hvort bifreiðin teljist gölluð í skilningi a-liðar 1. mgr. 17. gr. laganna. Kærunefndin telur því að hún verði að vísa frá kröfu álitsbeiðanda eins og hún liggur fyrir samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Kærunefndin bendir á að álitsbeiðandi myndi geta beðið kærunefndina að nýju um álit á ágreiningi aðila þegar nægjanlegar upplýsingar liggja fyrir um bilunina.

V

**Álitsorð**

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustkaupa.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir